

Fundargerð Hverfisráðs Kelduhverfis

Þriðjudaginn 3. desember kl. 20:00 kom Hverfisráð Kelduhverfis saman til fundar. Mættir voru Salbjörg Matthíasdóttir, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Jóhannes Guðmundsson.

Salbjörg setti fund og gengið var til dagskrár. Aðeins eitt mál var á dagskrá.

1. Nýliðinn íbúafundur í Lundi.

Hverfisráð ræddi sín á milli um íbúafund sem fram fór í Lundi mánudaginn 24. nóvember s.l. og vill koma eftirfarandi á framfæri við sveitarstjórn Norðurþings:

Hverfisráð lýsir yfir áhyggjum sínum á því að stefnt sé að því að aka skólabörnum í Öxarfjarðarskóla um langan veg til sundkennslu þar til ný laug verður tilbúin. Slíkt er mikið álag fyrir börnin, sérstaklega þau yngstu. Því vill hverfisráð Kelduhverfis hvetja Norðurþing til að flýta byggingu sundlaugarinnar sem kostur er og skoða vandlega hvort ekki finnist einhver lausn á að halda sundlauginni í Lundi gangandi uns nýja laugin er klár. Slíkt myndi minka álag á nemendur og kennara og spara kostnað við aksturinn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:30

Undirritunarsíða

Salbjörg Matthíasdóttir